

**Nr. 18-149 S 099 Rósin farþegaskip****Vélavana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2761  
Smíðaður: Trefjar ehf, 2010, trefjaplast.  
Stærð: 29,54 bt.  
Mesta lengd: 14,98 m Skráð lengd: 14,75 m  
Breidd: 4,38 m Dýpt: 1,72 m  
Vél: Volvo Penta, 617,40 kW, 2010.  
Fjöldi skipverja: 4  
Farþegar: 23



Rósin © Þorgeir Baldursson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. júlí 2018 var Rósin á siglingu í hvalaskoðunarferð með farþega á Faxaflóa. Veður: SA 8 m/s.

Á siglingunni varð Rósin olíulaus og farþegaskipið Elding dró hana til hafnar í Reykjavík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að olíumælirinn sýndi ekki rétta stöðu í olíutanki;
- að skipstjórinn hafði nýlega tekið við bátnum og var upplýstur af öðrum skipstjórum hans eftir atvikið að olíumælirinn væri ekki í lagi;
- að eftir atvikið var tekin upp nýtt verklag og olíueyðslan skráð í dagbók eftir hverja ferð;
- að ekki var til öryggisstjórnunarkerfi fyrir þennan bát.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins bilaður olíumælir og samskiptaleysi skipstjórnenda sem sigldu bátnum.